

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 3. áfanga, Einivellir 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 18. júní 2008 breytingu á deiliskipulagi Valla, 3. áfanga, Einivellir 3 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að í stað hjúkrunarheimilis fyrir aldraða verði þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hellnabrauns, 2. áfanga, Einhella 5.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 18. júní 2008 breytingu á deiliskipulagi Hellnabrauns, 2. áfanga, Einhella 5 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur stækkar og verður 50x29 m, nýtingarhlutfall með kjallara verður 0,7 og hámarkshæð húss verður 10.5 m. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F. h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 8. júlí 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 22. júlí 2008